



Bílakaup landsmanna aukast

Kaup á nýjum bílum hafa nú aukist verulega eftir samdrátt síðustu ára. Bílaleigur eru margar farnar að auka við flota sinn á ný, ásamt því sem einstaklingar virðast margir nýta lága vexti og aukinn sparnað til kaupa á nýjum bílum. Rafbílavæðingin gengur vel ef marka má nýjustu tölur, þó enn sé langt í land varðandi flotann allan.

Samkvæmt nýbirtum tölum á vef Samgöngustofu voru alls 1.695 nýir bílar nýskráðir í júnímánuði sem eru 106% fleiri en á sama tíma í fyrra og 25% fleiri en á sama tíma árið 2019. Af þessum tæplega 1.700 bílum sem voru skráðir í mánuðinum voru ríflega 1.200, eða 72%, bílar sem ganga fyrir öðrum orkugjöfum en eingöngu bensíni eða dísel sem er býsna hátt hlutfall. Við sjáum því að á sama tíma og bílasala virðist vera að taka verulega við sér er hún að færast hratt í átt að auknu vægi vistvænni bíla.

Sveiflukennd bílakaup


Í fyrsta sinn síðan 2018 mældist í maí vöxtur milli ára á 12 mánaða hlaupandi meðaltali nýskráningar sem sýnir okkur að samdrátturinn sem varð á síðustu árum sé farinn að snúast við. Bílaleigur eru eflaust margar farnar að auka við flota sinn á ný, ásamt því sem einstaklingar fjárfesta margir nú í nýjum bílum. Lágir vextir og aukinn sparnaður vegna Covid-faraldursins hefur eflaust töluverð áhrif á þessa þróun.

Bílakaup landsmanna hafa í gegnum tíðina verið nokkuð sveiflukennd og virðast fylgja stöðu hagkerfisins almennt. Við sáum þannig mikinn samfelldan vöxt í nýskráningum á árunum 2004-2006 og svo tók við nær stöðugur samdráttur til ársins 2010 þegar vöxturinn varð aftur mjög mikill og stóð nær samfleytt fram á mitt árið 2018.

Mun fleiri bílar nýskráðir hér á landi en þekkt annars staðar


Nýskráðir fólksbílar á hverja 100.000 íbúa hér á landi hafa á síðustu árum orðið mun fleiri en þekkt í löndum í kringum okkur. Hámarki var náð árið 2006 þegar að jafnaði voru yfir 560 nýir bílar skráðir í hverjum mánuði á hverja 100.000 íbúa. Á sama tíma var fjöldinn á bilinu 200-250 á hinum

Nýskráðir fólksbílar



12 mánaða hlaupandi meðaltal mánaðarlegra gagna sem ná til skráningar á nýjum bílum. Heimild: Macrobond

Nýskráðir fólksbílar á hverja 100.000 íbúa



12 mánaða hlaupandi meðaltal mánaðarlegra gagna sem ná til skráningar á nýjum bílum. Nýjustu tölur fyrir Þýskaland, Svíþjóð og Noreg eru spá. Heimild: Macrobond




Norðurlöndunum og 350 í Þýskalandi. Hlutfallslega hátt vægi ferðaþjónustu í íslenska hagkerfinu hefur hefur eflaust töluverð áhrif á þessa tölfræði, sérstaklega undanfarinn áratug.

Nú erum við komin á svipaðan stað og þjóðirnar í kringum okkur hvað nýskráningar varðar eftir mikla uppsveiflu á síðustu árum þar sem við vorum að kaupa hátt í þrisvar sinnum fleiri bíla en sumar nágrannaþjóðir okkar. Ef sagan segir okkur eitthvað þá gætu Íslendingar orðið fljótir að taka við sér og hæglega tekið fram úr hinum þjóðunum á ný.

Rafbílar lítill hluti af bílaflotanum öllum


Þegar bílakaup eru jafn mikil og raun ber vitni er mikilvægt að huga að orkuskiptunum. Nýjustu gögn benda til þess að áhugi sé mikill á rafbíla kaupum, enda fást hagstæðari lánskjör hjá lánastofnunum til fjármögnunar á slíkum kaupum. En þrátt fyrir að viðbótin við bílaflota landsins sé í síauknum mæli vistvæn, er þunginn í flotanum samt sem áður enn bílar sem ganga fyrir öðru en rafmagn. Í fyrra voru hér á landi skráðir 14.680 rafbílar sem er aðeins 4% af öllum skráðum bílum. Heimilin eiga ríflega þrjá fjórðu af bílum landsins og þar á eftir eru bílaleigur og ýmis önnur sérhæfð þjónusta fyrirferðamestar, og eiga um 8% af flotanum. 5% af öllum skráðum bílum heimilanna voru rafbílar í fyrra en einungis 2% meðal bílaleiga.

Skráðir bílar eftir orkugjöfum



Allar tegundir bifreiða. Heimild: Hagstofa Íslands

Eigendur skráðra bíla



Gögn eiga við árið 2020. Allar tegundir bifreiða. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.